

7. stjórnarfundur Fimleikasambands Íslands haldinn þriðjudaginn 24. apríl kl 18:00 á skrifstofu FSÍ, Engjateigi 6.

Mættir: Þorgerður Laufey Diðriksdóttir formaður, Arnar Ólafsson varaformaður, Friðbjörn Möller, gjaldkeri, Einar Ólafsson, ritari, Jósep Húnfjörð meðstjórnandi, Íris Svavarsdóttir formaður tækninefndar í hóp fimleikum, Axel Bragason formaður tækninefndar karla, kvenna, Sólveig Jónsdóttir verkefnastjóri í hóp fimleikum og Helgi Jóhannesson framkvæmdarstjóri FSÍ

Halla Karí Hjalted formaður tækninefndar og Davíð Ingason verkefnastjóri í áhaldafimleikum boða forföll

Formaður setur fundinn.

Dagskrá

1. Fundargerðir

Fundargerð 6 fundar samþykkt

2. NM U16, á Íslandi daganna 6-7 október 2012.

Á samstarfsfundir formanna og framkvæmdarstjóra Norðurlanda sem haldinn var daganna 19-20 apríl sl. var samþykkt að halda sig við fyrri samþykktir um keppni í áhaldafimleikum milli þjóðanna til upphafs ársins 2013. Norðurlanda mót undir 16 ára karla verður því síðasta Norðurlandamót sem haldið verður með því fyrirkomulagi varðandi aldur. Brýnt er að hraða öllum undirbúningi fyrir mótið og senda á Norðurlandþjóðirnar boð um staðsetningu og kostnað.

Málið rætt

Samþykkt að óska eftir því við fimleikafélagið Björk í Hafnarfirði að sjá um mótið. Ganga þarf til samninga við Bjarkirnar f.h. FSÍ o.fl. *Framkvæmdastjóra falið að leggja drög að samningi fyrir næsta fund.*

3. Erindi frá fimleikadeild Stjórnunnar dagsett 22. apríl 2012 um tryggingarmál keppenda á vegum FSÍ erlendis.

Framkvæmdarstjóra FSÍ barst erindi frá stjórn fimleikadeildar Stjórnunnar dagsett 22. apríl sl. Þar sem óskað var eftir að reglum FSÍ sem gilda um tryggingarmál keppenda í ferðum erlendis á mót á vegum sambandsins.

Vinnuregla FSÍ hefur verið að kaupa sérstaka tryggingu fyrir keppendur sem keppa á vegum sambandsins erlendis óháð því hvort þeir séu tryggðir á annan hátt, t.d með heimilistryggingum eða sérstökum ferðatryggingum. Keppnisreglur UEG og FIG kveða á um sérstaka keppnistryggingu sem þarf að framvísa við skráningu, ella sé keppandinn ekki skráningarbær. Flest allra heimilistryggingar taka ekki á keppni í fimleikum og eru því ekki gildar sem trygging á keppnisstað.

Málið rætt

Ljóst er að ekki fæst keppnisréttur nema með sérstakri tryggingu. FSÍ hefur keypt gilda tryggingu fyrir alla fyrir keppendur sína óháð því hvort þeir séu tryggðir með öðrum hætti. Oft er skammur tími frá samþykkt um keppendur á mót erlendis og þess að skila þarf inn skráningu. Erfitt getur reynst að safna saman tryggingarskirtreinum allra keppenda á ensku. Til að tryggja að ekki komi til þess að keppandi missi keppnisrétt vegna ónægra trygginga telur stjórn best að FSÍ tryggir keppendur sínar áfram með sama hætti og tíðkast hefur til þessa. *Framkvæmdarstjóra falið að tilkynna stjórn Stjórnunnar ástæðu þess hvers vegna stjórn sjái ekki ástæðu til þess að breyta út af þessari vinnureglu hvað varðar tryggingarmál keppenda.*

Axel Bragason formaður tækninefndar karla tekur sæti á fundinum kl 18:20

4. Bréf frá áhaldalandsliði kvenna vegna EM dagsett 18. apríl 2012.

Framkvæmdarstjóra FSÍ hefur borist bréf dagsett 18. Apríl 2012, frá landsliði kvenna vegna EM sem halda á í Bruxelles í Belgíu daganna 8.-13.maí nk. Þar sem þær óska eftir skýringu á því hvers vegna FSÍ gerir ekki ráð fyrir því að keppendur séu á keppnisstað út alla keppnina heldur haldi heim áður en formlegri keppni er lokið. Jafnframt lögðu þær fram ósk um að fá að vera lengur og horfa á keppnina til enda.

FSÍ greiðir fyrir ferðir, uppihald og gistingu fyrir þjálfara, dómara og fararstjóra vegna landsliðsverkefna á vegum FSÍ. Keppendur og eða forráðamenn þeirra hafa sjálfir borið kostnað sinn af ferðum erlendis, utan við þann styrk sem FSÍ hefur veit hverju sinni í landsliðsverkefni eða styrk sem einstaklingar hafa fengið frá afrekssjóði ÍSÍ. Stefna FSÍ fram að þessu hefur verið að halda kostnaði við ferðir á vegum sambandsins í algjöru lágmarki. Ljóst er að með fleiri gistinóttum fyrir keppendur, þjálfara og fararstjóra þýðir það aukinn kostnaður fyrir FSÍ og aukinn kostnaður fyrir þátttakendur. Evrópumótið í áhaldafimleikum er eitt stærsta mót sem keppendur fara á en jafnframt eitt dýrasta. Skráning á EM, greiðsla þátttökugjalda, staðfesting á hótलगistingu og mat og greiðsla fluggjalda er löngu liðinn. Breytingar á heimkomu og gistingu myndi kosta FSÍ mikla vinnu og peninga.

Málið rætt

Samþykkt að skoða með verkefnastjóra landsliða fyrir næsta Evrópumót lengd ferðar, skipulag og kostnaðarskiptingu. *Verkefnastjórar er falið að tilkynna kvenna landsliði í áhaldafimleikum að FSÍ muni muni halda sig við upphaflegu dagsetningu heimferðar keppenda, þjálfara og fararstjóra á EM 2012.*

5. Gymnaestrada 2015

Næsta Gymnaestrada verður haldin í Finnlandi árið 2015. Enginn þátttaka var frá FSÍ á Gymnaeströdu 2011 sem haldin var í Lausanne. Það var miður en FSÍ hefur farið með þátttakendur á Gymnaeströdu sleitulaust frá árinu 1982. Margir þættir spiluðu þar inni auk þess sem kostnaður var mikill.

Mikilvægt er að gera sér ljóst eins fljót og mögulegt er hvort áhugi er á þátttöku frá Íslandi 2015 og hefja undirbúning.

Málið rætt

Ákveðið að senda erindi á nefnd um fimleika fyrir alla og óska eftir því við nefndina að hún kanni áhuga og möguleika Íslands á þátttöku á Gymnaestrade 2015 og skili inn til stjórnar kostnaðaráætlun varðandi verkefnið. *Framkvæmdarstjóra falið að senda erindi þessa efnis á nefnd um fimleika fyrir alla.*

Sólveig Ólafsdóttir verkefnastjóri í hóp fimleikum tók sæti á fundinum kl 18:30

6. EM TeamGym 2012 í Aarhus, 18-20.okt.

Ljóst er að samkvæmt samþykkt um fjölda dómara, þjálfara, fararstjóra og verkefnastjóra sem liggur til grundvallar landsliðsverkefni fyrir Evrópumót í hóp fimleikum 2012, komum við ekki til með að nýta 3 flugferðir og gistingu sem nú þegar hefur verið samþykkt að greiða fyrir. Því óskar verkefnastjóri landsliða í hóp fimleikum að FSÍ fullnýti þjálfarapassa sem við eigum rétt á og fá til liðs við okkur þjálfara sem getur verið öllum liðunum fjórum innan handar á mótinu sjálfu, staðið hjá á trampólíni og sinnt alls kyns erindum á mótstað.

Verkefnastjóri landsliða í hóp fimleikum telur brýnt að för íþróttafréttamanns á mótinu verði greitt af FSÍ, fjölmiðlar hafa verið að sýna íþróttinni meiri áhuga undanfarin ár og má reikna með því að ferð á mótinu komi til með að koma okkur almennilega á kortið og tryggja okkur góða og ítarlega umfjöllun frá mótinu.

Greinagerð:

Fyrir liggur samþykkt stjórnar um að greiða ferðir og upphald fyrir verkefnastjóra landsliða í hóp fimleikum, tvo þjálfara á fjögur lið, samtals átta þjálfara, tvo fararstjóra og fjóra dómara.

Gera má ráð fyrir því að fjögur lið með 14 keppendum alls, 56 keppendur, fari út til keppni og er undirbúningur í fullum gangi. Heimilt er að mæta til keppni með 3 þjálfara fyrir hvert lið. FSÍ hefur samþykkt að greiða fyrir átta þjálfara.

Ráðnir voru 2 landsliðsþjálfara á hvert lið með sérstökum verktakasamningi, þó var ákveðið að bæta þriðja þjálfaranum við á unglingsliðin, þeir fá ekki greitt fyrir vinnu sína. Heildarfjöldi þjálfara sem fara á Evrópumótið eru því ellefu, samkvæmt reglum á FSÍ rétt á 12 þjálfarapössum. Þrjú þjálfarar fyrir kvendandsliðið, fimleikasambandið greiðir fyrir tvo, þrjú þjálfarar á stúlknaliðið, þrjú þjálfara á mixlið unglinga og tveir þjálfarar á mixliðs fullorðinna.

Ísland á 2 alþjóðlega dómara sem gefa kost á sér til fararinnar. Mögulegt er að nýta dómara sem eru jafnframt þjálfarar á mótinu til að dæma ákveðna mótshluta.

Verkefnastjóri er einnig dómari og mun því fara út sem slíkur og gegna tveimur hlutverkum á mótstað.

Málið rætt:

Íris Svavarsdóttir vék fundi kl 18: 40

Samþykkt er tillaga verkefnastjóra í hóp fimleikum um viðbótar þjálfara sem nýtist öllum liðunum á EM 2012.

Samþykkt er tillag verkefnastjóra í hópfimleikum um að kosta íþróttافرéttamann á EM 2012 í hópfimleikum, þ.e.a.s fargjald og gistingu var samþykkt með þeim skilmálum að um tilraun sé að ræða og ekki fordæmisgefandi fyrir önnur verkefni á vegum FSÍ. Verkefnisstjóra í samvinnu við framkvæmdarstjóra FSÍ er falið að leita eftir áhugasömum íþróttافرéttamanni sem hefur áhuga á að fjalla um fimleika.

7. Fyrirspurn vegna fararstjóra á EM

Axel Bragason kom með fyrirspurn um röksemdir fyrir vali stjórnar á fararstjóra á EM 2012. Málinu frestað fram að næsta stjórnarfundum.

Fundi slitið 19:15